

18. fundur atvinnu- og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar var haldinn á Brautarhóli, Reykholti, þriðjudaginn 26. maí 2015 kl 20:30.

Mættir: Kristinn Bjarnason, formaður, Sigurlaug Angantýsdóttir, Gróa Grímsdóttir, Eyrún Margrét Stefánsdóttir, fundarritari og Sigurjón Sæland.

Málefni fundarins voru eftirfarandi.

- **Atvinnu- og ferðamálaþing 2016.**

Tillögur að uppbyggingu þingsins voru ræddar og fram komu hugmyndir um blandaða uppsetningu, sem nefndin kannar nánar. Stefnt er að því að þingið verði haldið laugardaginn 27. feb kl. 10/11 – 14/15 í Aratungu. Nefndin leggur til að yfirskrift þingsins verði:

Atvinnu- og ferðamálaþing Bláskógabyggðar 2016 – stefnumót, tækifæri og framtíðarsýn.

- **Ályktun atvinnu- og ferðamálanefndar frá 17. fundi til sveitarstjórnar.**

Í 4.gr. fundargerðar 17.fundar atvinnu- og ferðamálanefndar þann 9.apríl 2015 er eftirfarandi ályktun sett fram:

4. Ályktun atvinnu- og ferðamálanefndar

Mikill skortur er á leiguhúsnæði í Bláskógabyggð á sama tíma og störfum innan helstu atvinnugreina sveitarfélagsins og nærliggjandi sveitarfélaga fer fjölgandi. Skortur á húsnæði veldur m.a. því að erfiðlega gengur hjá mörgum þeim sem eru í rekstri að manna lausar stöður til lengri tíma. Möguleikar ungs fólks, fjölskyldur með börn og fólks almennt sem kunna að vilja að flytja, búa og starfa eru með því mjög takmarkaðir, og nánast engir. Atvinnu- og ferðamálanefnd leggur til að sveitarstjórn Bláskógabyggðar kanni áhuga verktaka og fjárfesta (lífeyrissjóða) á byggingu slíkra íbúða eða kaupum á húsnæði sem þegar eru til staðar á ýmsum byggingastigum (með breytingu á fyrirkomulagi í huga). Einnig er skorað á sveitarstjórn að vekja meiri athygli (en þegar er gert) á því lóðaframboði undir íbúðarhúsnæði sem fyrir er í þéttbýlum sveitarfélagsins, sem töluvert er af.

Í bókun frá 171. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, fimmtudaginn 16. apríl 2015 stendur:

1.6. 17. fundur atvinnu- og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar. Staðfest samhljóða. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tekur undir ályktun nefndarinnar sbr. 4. dagskrárlið. Stefnt er að taka málið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

Nefndin fagnar bókun sveitarstjórnar.

- **Tillaga að hugmyndasamkeppni.**

Nefndin leggur til að skoða hvort megi efna til samkeppni um tillögur á vistvænum og sjálfbærum lausnum á salernisaðstöðu. Þá er átt við á þeim svæðum þar sem mikið er um ferðamenn fjarri hefðbundinni þjónustu á borð við verslun/bensínstöðvar. T.a.m. á reið- og gönguleiðum og draga þannig úr salernispappír og öðru tilfallandi sorpi á víð og dreif í umhverfinu. Formaður nefndarinnar kannar hvort áhugi á sameiginlegri hugmyndasamkeppni Uppsveitanna og tekur umræðuna á næsta fundi Ferðamálaráðs Uppsveitanna.

- **Næsti fundur.**

Nefndin kemur saman á ný að loknum sumarleyfum um miðjan september.
Fundu slitið kl. 22.30.